

Skrifstofa Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021
Tilvísun okkar: E-2021-209 / 00.11

Efni: **Umsögn um þingsályktunartillögu um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands**

Vísað er til umsagnarbeiðnar nr. 11575 frá umhverfis- og samgöngunefnd sem send var út 15. apríl 2021. Umhverfis- og samgöngunefnd óskar þar eftir umsögnum um tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands.

Landsvirkjun þakkar tækifærið til samráðs og er sammála markmiðum um að gera regluverkið skýrara og skilvirkara en nú er. Fyrirtækið telur þó að sú tillaga til þingsályktunar sem er hér til umsagnar, ásamt frumvarpi um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun sem lögð er fram samhliða, sé ekki til þess fallið að ná þeim markmiðum. Hvað varðar verndar- og orkunýtingaráætlun hafa miklar tafir verið á afgreiðslu mála auk deilna um ferlið og lagalega túlkun sem ekki sér fyrir endann á.

Landsvirkjun vill í ljósi þessa koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Stefnumörkun um staðsetningu vindorkuvera

Líkt og fram kemur hér að ofan er ferli verndar- og orkunýtingaráætlunar ekki hentugt til afgreiðslu á vindorkukostum að mati Landsvirkjunar. Fyrirtækið telur að verndar- og orkunýtingaráætlun þurfi gagngera endurskoðun eigi hún að þjóna tilgangi sínum og telur ekki gagnlegt að bæta ákvörðunum um nýtingu á vindorkukostum inn í verkahring verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Eins og nefnt er í greinagerð í endurskoðun landsskipulagsstefnu 2015-2026 fyrir Ísland, ákváðu Skotar að nýta skosku landsskipulagsstefnuna við stefnumörkun sína um vindorkuver. Skoskri landsskipulagsstefnu er ætlað að lýsa áherslum yfirvalda í skipulagsmálum og stuðla að samræmi í skipulagsstefnu yfir landið allt með því að leggja línur fyrir skipulagsáætlanir á neðri skipulagsstigum og við hönnun og framkvæmdir. Í Danmörku er það einnig í höndum sveitarfélaga að skipuleggja staðsetningar á vindorkuverum og er ferlið fyrir vindorku líkt öðru skipulagsferli en sértækar tilskipanir og leiðbeiningar hafa verið settar.

Með því að nýta okkur reynslu samanburðarlanda mætti hæglega útfæra álíka ferli hér á landi þar sem almenn viðmið fyrir ákvarðanir um nýtingu vindorku yrðu settar fram í landsskipulagsstefnu án aðkomu verndar- og orkunýtingaráætlunar. Í tillögu til þingsályktunar um endurskoðun landsskipulagsstefnu 2015-2026 (nú til umsagnar hjá umhverfis- og samgöngunefnd) eru enda settar fram í kafla 6.3 leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi vindorkunýtingu í skipulagsáætlunum og í kafla 6.3.2 varðandi



umhverfismat fyrir nýtingu vindorku. Þar kemur skýrt fram að „Skipulag sveitarfélaga móti stefnu um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérstætt landslag og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar”.

Landsvirkjunar telur að landsskipulagsstefna sé best til þess fallin að ramma inn leiðbeiningar fyrir sveitarfélög fyrir nýtingu vindorku. Flokkun landsvæða væri þá skilgreind í landsskipulagsstefnu án aðkomu verndar- og orkunýtingaráætlunar. Landsvirkjun vill áréttta að fyrirtækið leggst ekki gegn opinberri stefnumörkun sem kemur í veg fyrir vindorkunýtingu á svæðum sem njóta verndar í samræmi við náttúruverndarlög og önnur lög sem sett eru til að vernda landsvæði vegna sértækra hagsmuna svo sem minjavernd og vatnsvernd. Hægt er að afmarka landsvæði þar sem uppbygging vindorku er óheimil, sbr. flokk 1. Önnur svæði færu í gegnum mat á umhverfisáhrifum og í hefðbundið ferli hjá viðkomandi sveitarfélagi, þar sem horft er til landsskipulagsstefnu auk annarra ferla sem við á skv. almennum lögum.

Flokkun landsvæða og áhrifasvæði

Landsvirkjun telur mikilvægt að í stefnumörkun um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands séu ekki settar of þröngar skorður og minnir á að umræddar framkvæmdir falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þess má einnig geta að hér eru sett fram mun strangari skilyrði við flokkun landsvæða og horft til fleiri áhrifaþátta en gert er í fyrirmynd þessarar stefnumörkunar frá Skotlandi. Má þar helst nefna 10 km áhrifasvæði umhverfis svæði á A- og B-hluta náttúruminjaskrár, en ekki eru skilgreind slík áhrifasvæði í Skotlandi.

Landsvirkjun vill benda á hvað varðar B-hluta náttúruminjaskrár þá er sá hluti í vinnslu og hefur sá hluti náttúruminjaskrár aldrei verið samþykktur á Alþingi. Engin svæði eru því lögformlega á B-hluta náttúruminjaskrár og um leið ættu því engin svæði að teljast innan 10 km fjarlægðar frá svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár.

Landsvirkjun vill einnig draga sérstaklega fram óskýra og ómarkvissa notkun hugtaksins „óbyggð víðerni“ í þingsályktunartillögunni. Landsvirkjun tekur undir að svæði sem hafa lögformlega verið friðlýst sem óbyggð víðerni, eins og það er skilgreint í náttúruverndarlögum, njóti friðlýsingar gagnvart nýtingu vindorku en að slík friðlýsing gagnvart vindorkuverum nái ekki sjálfkrafa yfir önnur svæði sem hér eru rædd sem óbyggð víðerni, sjá kafla 1.5 og 2.6 í þingsályktunartillögunni.

Landsvirkjun vill taka fram að afar mikilvægt er að framlögð kort og landupplýsingagögn um þau svæði sem tilgreind eru í hvern flokk í þingsályktunartillögu séu afmörkuð með skýrum og ótvíræðum hætti. Einnig þarf að skýra hver hefur með slíka kortagerð að gera, hvernig meðferð slíkra kortlagningar yrði háttáð, hvaða réttaráhrif slíkt hefði og hvaða aðkomu hagaðilar hefðu að þeirri vinnu.

Landsvirkjun hefur áður bent á í umsögn sinni um tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 að tilgreint verði í landskipulagsstefnu aðferðafræði kortlagningar óbyggða víðerna og hvar hægt sé að nálgast útgefið og/eða opinbert kort hverju sinni ásamt lýsingu á víðernissvæðum. Að mati Landsvirkjunar þarf einnig að liggja fyrir hver framkvæmir slíka kortlagningu, hvernig meðferð hennar yrði háttáð, hvaða réttaráhrif slíkt hefði og hvaða aðkomu hagaðilar hefðu að þeirri vinnu. Landsvirkjun ítrekar enn fremur mikilvægi þess að hafa samráð við kortlagningu á óbyggðum víðernum.



Viðmið og meginreglur í flokki 2

Landsvirkjun telur að þeir matsþættir sem skilgreindir eru í viðmiðum og meginreglum fyrir svæði í flokki 2 séu lauslega orðaðir. Eins liggur ekki fyrir hvernig verkefnisstjórn á að meta þessi áhrif né hvenær þau teljast ásættanleg. Einungis er tekið fram í viðmiðum og meginreglum í þingsályktunartillögu til hvers skal horfa við mat á þessum þáttum en ekki hvernig þeir eru metnir eða hvenær áhrif teljast óásættanleg með tilliti til verndargildis og verndarþarfa. Það er því óljóst hvernig matið mun eiga sér stað og hvaða aðferðafræði er notuð af hálfu verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Ekki er minnst á möguleika umsækjanda til að kæra mat verkefnisstjórnar eða ákvörðun ráðherra ef umsækjandi telur að málsmeðferð sé ekki réttlát önnur en að endurtaka skuli ferlið með breytingum á verkefni. Einnig þykir athugavert að áhrif á eitt afmarkað viðmið getur verið talið af verkefnisstjórn rammaáætlunar og ráðherra svo neikvætt að verkefni ætti ekki að hljóta frekari framgang í stjórnýslu þar sem virkjun myndi sæta heildstæðs mats. Því er ákveðin hættu til staðar að misst verði sjónar af mögulegum jákvæðum heildaráhrifum virkjunar fyrir samfélagið þar sem ekki er horft til ýmissa mikilvægra þátta á þessu stigi, til að mynda fjarlægð frá flutningskerfi raforku, hagkvæmni virkjunarkosts og samlegðaráhrifum með öðrum virkjunarkostum.

Lokaorð

Landsvirkjun ítrekar þá skoðun að ferli verndar- og orkunýtingaráætlunar sé ekki hentugt til afgreiðslu á vindorkukostum og vísar jafnframt til umsagnar sinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr.48/2011.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson,
forstjóri